

## ÁRSSKÝRSLA BLÁA HERSINS 2013.

Blái herinn hreinsaði á árinu 2013 tæpar 48 tonn og er því heildarmagn frá upphafi komið yfir 1050 tonn. Samtals hafa verið unnar í sjálfboðaliðsvinnu tæpar 50 þúsund vinnustundir. Eftirfarandi verkefni voru hvað fyrirferðamest á árinu sem er að líða.

1. Samstarf við Efnamóttökuna HF um söfnun á rafgeymum frá ýmsum aðilum á Reykjanesi, verkefni sem er allt árið.
2. Umhverfisfræðsla og hreinsunarverkefni með Akurskóla í sérstakri umhverfisviku.
3. Erindi flutt í Tallinn, Eistlandi ([www.letsdoitworld.org](http://www.letsdoitworld.org)) og Salakas, Litháen. ([www.seeds.is](http://www.seeds.is)).
4. Samstarf í Grænum Apríl með Sandgerði, gengið um bæinn með skólabörnum og starfsmönnum bæjarins og hreinsað upp rusl.
5. Hreinsunarverkefni með ISAVIA og nærumhverfi Keflavíkurflugvallar hreinsað.
6. Samstarf við Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar (Kadeco), aðallega Patterson svæðið en einnig á Ásbrú.
7. Hreinsun Garðskagafjörunnar fyrir Sólseturshátíð.
8. Sjávardýrasýning á Tjarnarsel, árlegur viðburður.
9. Fluttir 5 fyrirlestrar hjá Rotary, Menntaskóla Kópavogs og Fjölbrautarskóla Suðurnesja.
10. Tekið við Umhverfis og Hvatningarverðlaunum frá Rotaryklúbbi Keflavíkur, Fríhöfninni, Fjármögnunarfyrirtækinu ERGO og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum.
11. Útvarpsviðtal hjá Sirrý á Rás 2 í Grænn Apríl.
12. Unnið við listaverkið 3-0 (Out of sight-Out of mind and Out of control). Skúlptúr um rusl í hafinu sem safnað hefur verið og er í sérstakri grind á hjólum. Verður sýnt við rétta tækifærið á næstunni.
13. Unnið í samstarfshópi um hreinsun strandlengju og hafna við Miðjarðarhafið ([www.letsdoitmediterranean.org](http://www.letsdoitmediterranean.org)) og hreinsun á rusli í Kyrrahafi í samstarfi við The David Suzuki foundation Kanada.
14. Unnið við viðhaldsverkefni á vörubíl Bláa hersins J-50.
15. Unnið við betrubætur í aðstöðu okkar, máluð gólf og veggir í boði Húsasmiðjunnar og Málningar HF.

Með vinsemd og virðingu

Tómas J. Knútsson formaður Bláa hersins